

Kennslumyndir um samfélög manna og örvera

Lokaskýrsla vegna styrks úr Kennslumálasjóði 2023

Verkefnið fól í sér gerð þáttaraðar til kennslu um samlífi manna og örvera, sem er sniðin fyrir nýtt námskeið sem kennt er þvert á svið: Námskeiðið ber heitið Samfélög manna og örvera: Örverur, menning, heilsa, og umhverfi (MON002M). Það var kennt í fyrsta sinn haustið 2023 og aftur nú í haust, 2025 og verður framvegis á dagskrá á haustmisseri. Námskeiðið býður nemendum að kanna samlífi örvera og manna út frá ýmsum sjónarhornum, sem eru m.a. ættuð úr örverufræði og þjóðfræði, matvælafræði, næringarfræði og mannfræði (heimafög kennaranna, sem jafnframt stóðu að umsókninni í Kennslumálasjóð og að gerð kennsluþáttaraðarinnar). Einstakir þættir úr þáttaröðinni verða jafnframt nýttir í fleiri námskeiðum í þessum sömu fögum.

Þáttaröðin og námskeiðið eru hliðarafrakstur („spin-off“) af öndvegisverkefninu Samlífi örvera og manna í daglega lífinu (2021-2024), þverfræðilegu rannsóknarverkefni fræðimanna við Háskóla Íslands í þjóðfræði, næringarfræði, örverufræði, matvælafræði og mannfræði. Markmið verkefnisins var að móta nýtt sjónarhorn á heilsu, matarhætti, félagslegt samneyti og samspil manneskja og örvera og að vísa veginn í átt að sjálfbærari og heilsusamlegri framtíð. Með þessu námskeiði og þáttaröð var byggt á grunni þessa rannsóknarsamstarf nýtt og spennandi kennslusamstarf og kennsluþróun þvert á fræðigreinar og fræðisvið, og um leið unnið að aukinni samþættingu kennslu og rannsókna, og aukinni samræðu um sjálfbærni og heilsu þvert á fagsvið og deildarmúra.

Mikill metnaður var lagður í gerð þessara þátta frá upphafi, allt frá handritsgerð til leikstjórnar, myndatöku og hljóð, og gert talsvert af nýrri grafík og nýrri tónlist fyrir þáttaröðina, með afkomu fagfólks: kvikmyndagerðarkonunnar Áslaugar Einarsdóttir sem tók, klippti og framleiddi þættina, hljóð- og tónlistarmannsins Sveinbjarnar Thorarensen og grafík- og myndlistarkonunnar Unu Lorenzen. Tökur fóru fram á mörgum tökustöðum: í ólíkum bygginum Háskóla Íslands, Matís, MS á Selfossi, og víðs vegar í heimahúsum, gördum og á vettvangi á Suður- og Vesturlandi. Allt var gert í mestu gæðum með það fyrir augum að unnt væri að taka kennsluþættina til sýningar ekki aðeins í kennslustofum heldur einnig í sjónvarpi, ef áhugi reyndist vera fyrir því – þannig að þá yrði þarna einnig um almenningskennslu/fræðsluefni að ræða. Verkefnið tók þar af leiðandi lengri tíma en upphaflega var áætlað og varð dýrara. Unnt var að dekkja mismuninn með afgangi af “overhead” öndvegisverkefnisins, en framlag Kennslumálasjóðs var lykilatriði í að koma verkefninu af stað og án þess er alls óvíst að af því hefði orðið.

Við handritsgerð var tekin ákvörðun um að í stað sex þátta sem væru 10-15 mínútur hver að lengd (eins og gert var ráð fyrir í umsókn) yrðu þættirnir þrír, hver og einn um 25-30 mínútur að lengd. Fyrsti þátturinn rannar viðfangsefnið almennt inn með umfjöllun um samlífi manna og örvera en fjallar að uppistöðunni til um örverur í jarðvegi og moltugerð með örverum. Annar þátturinn er um örverur í þarmaflóru og sambandi þeirra við heilsu og vellíðan. Þriðji þátturinn er svo um samlífi manna og örvera gegnum Íslandssöguna eins og

hún birtist í skýrgerð í sögu og samtíð. Fyrstu tveir þættirnir eru á lokastigum vinnslu (hljóðblöndun og litaleiðréttingu), en sá þriðji er aðeins skemur á veg kominn (er í klippingu, en öllum tókum og grafík er lokið).

Fyrstu tveir þættirnir, ásamt broti úr þeim þriðja, voru sýndir nemendum í námskeiðinu Samfélög manna og örvera: Örverur, menning, heilsa, og umhverfi (MON002M) nú í haust (2025). Þau hlutu góðar undirtektir og nemendum þótti þau bæta við kennsluna að öðru leyti og töluðu um að þau skildu betur hugtök og þverfaglega vinkilinn í námskeiðinu eftir að hafa horft á þættina. Næst þegar námskeiðið verður kennt verður öll þáttaröðin fullunnin og á þá eftir að nýtast enn betur. Í millitíðinni er jafnframt ætlunin að nýta einstaka þætti úr röðinni í öðrum námskeiðum, m.a. Efnismenning: Hlutirnir, heimilið, líkaminn (ÞJÓ205G); Matur og menning (NÆR613M); Alþýðumenning og fagurfræði hversdagsins (ÞJÓ212F); Matur, næring og sjálfbærni (MON102G); Umhverfismannfræði (MAN509M); og ÞJÓ447M Menningararfur. Þá verður þáttaröðin einnig boðin RÚV til birtingar, einstakir þættir sýndir á fagráðstefnum og að lokum er svo ætlunin að birta þáttaröðina í opnu aðgengi á netinu.

Hægt er að sjá þættina tvo í streymi (en ekki þriðja þáttinn sem er aðeins skemur kominn) á vinnslustigi (fyrir litaleiðréttingu og hljóðblöndun) á þessum hlekkjum:

Þáttur 1: Moltan og örverur í jarðvegi

https://drive.google.com/file/d/1EGb_J5IHcPkGnLchDxHdRY4sEDuG8kMK/view

Þáttur 2: Þarmaflóran

https://www.dropbox.com/scl/fi/4mcj1jlw6y58qg32qrwyb/armafl-ran-s-ning-13.-n-v-THJAPPADUR-MASTER-H.264-60Mbps.mov?e=1&oref=e&r=ACivlEmS7GyCk6viJTik8YppOzp6404E2kHbHMNI-kp_4Q1B43dE5EcR9XpwZhKQSyPFztOy3W5iu9qauDGhSjAE3-grf6WRhLGk5YMf1xUxUmoqyS4xgW3jxMcOE7o3fedZ3cohNBjn3nWeGxEYm_VR4uzc2zVWxgTdxrXxLKfdztce2JvJCNoiyq9o9NgIdaw&sm=1&dl=0

Að lokum varðandi eftirstöðvar styrksins frá Kennslumálasjóði:

Styrkurinn var lagður inn á viðfangsnúmer deildar (1010-101131) en allur kostnaður hefur verið dregin af öðrum viðfangsnúmerum. Styrkupp hæðin sem þegar hefur verið greidd (750þ kr.) hefur nú verið millifærð inn á rannsóknarreikninginn minn og ég óska jafnframt eftir því að eftirstöðvar styrksins (250þ kr.) verði jafnframt millifærð þangað: **1010-101272** (Rannsóknarreikningur Valdimars Tr. Hafstein).

Með þökkum, vinsemd og virðingu,
Valdimar Tr. Hafstein

Valdimar Tr. Hafstein